



## 485. Stjórnarfundur haldinn 16. mars. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),  
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Birgir Már Bragason (BMB)  
Fjarverandi: Sveinn Adolfsson (SA) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES)

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá Völsungi v/auglýsingar í afmælisblað. **Móttakið og ákveðið að vera ekki með.**

Tölvupóstur frá Jóhanni F. Friðrikssyni v/vinnustofu Heilsuefandi samfélag. **Móttakið og EH mætir á vinnustofu 22. mars.**

Yfirlit frá Landbankanum v/sparibréfs. **Móttakið.**

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa v/brýnustu verkefna í náinni framtíð hjá félaginu. **Móttakið og verður tekið fyrir á formanna- og gjaldkerafundi.**

Tölvupóstur frá formanni unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar v/lottó sjálfsala. **Móttakið.**

Bréf frá UMFÍ v/boð til formanns um til kvöldverðar með stjórn UMFÍ. **Móttakið og EH þáði boðið.**

Tölvupóstur frá formanni íþróttabandalags Reykjanesbæjar v/íþróttapings ÍSÍ. **Móttakið og EH gefur kost á sér til þingsetu.**

Fréttabréf UMFÍ v/ferðar á Danska landsmótið. **Móttakið og ákveðið að senda EH í þessa ferð.**

### 3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á stjórnarmenn deilda v/ skyndihjálparnámskeiða.

Tölvupóstur sendur á formenn og gjaldkera deilda v/ formanna- og gjaldkerafundar.

### 4. Formanna- og gjaldkerafundur.

Formanna og gjaldkera fundur verður haldinn 20. mars kl. 19:00. Boðið verður upp á hressingu í byrjun fundar. **Framkvæmdastjóra falið að panta veitingar.** Búið að senda út dagskrá.

### 5. Námskeið.

Námskeið í skyndihjálpar verða 21. og 28 mars. Farið verður í hjartahnoð.

Búið að senda á stjórnir deilda og einnig að setja þetta inn á facebook.

### 6. Önnur mál.

Búið er að selja Reykjanesbæ annan af tveimur gámum sem er á æfingasvæðinu fyrir aftan Reykjaneshöllina.

EH sagði frá fundi sem hann átti með Helga Arnarssyni framkvæmdastjórar fræðsluviðs Reykjanesbæjar og Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar þar sem farið var yfir eignarhald á áhöldum í íþróttakademíunni, en fimleikadeildin keypti áhöldin árið 2009. Þorgrímur Þráinsson formaður Vals færði félaginu áritað eintak af eitthundrað ára sögu Vals. Þorgrími þakkað innilega fyrir þessa flottu bók.

BI spurðist fyrir um stöðuna á Hringbraut 108. EH svaraði því til að unnið væri að gerð eignarskiptingarlýsingar og hún yrði líkast til í næstu viku. Kostnaði skipti til helminga á milli Reykjanesbæjar og Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

Umræður voru um utanyfir-galla félagsins og kostnað foreldrar við búningakaup.

Næsti fundur verður 30. mars kl.18:00

Fundi slitið 19:05 Fundinn ritaði BS.

